

## 15. gr.

55

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 2000.00 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. 30. apríl

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar nr. 190 18. nóv. 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1959.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

56

vatnsveitu Akureyrar.

30. apríl

### Vatnsskattur.

## 1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlegan vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnar-umdæmi Akureyrar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

## 2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 1.2% af fasteignamati húss.

## 3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

### Aukavatnsskattur.

## 4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðn-fyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvotta-hús, bifreiðapvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélar og gos-brunna.

## 5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 1.50 fyrir hvern tenings-metra vatns, fyrstu 1000 teningsmetrana, en fyrir það vatnsmagn, sem fram yfir er með kr. 0.75 fyrir hvern tengingsmetra.

## 6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 100.00.

### Skipavatnsskattur.

## 7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 50.00.

56

30. apríl

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

#### Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

9. gr.

Gjalddagi vatnsskatts af húsum er 1. febr. ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatn til skipa skal greiða við afhendingu.

Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns.

Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsvæði fyrir hvers konar sammings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

#### Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 4. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka vatnsskattinn um allt að 50%.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1959 verði 1. júlí.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru gjaldskrárákvæði í reglugerð nr. 190 18. nóv. 1949 úr gildi felld.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1959.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*